

Samanburður á fjölda tilkynninga til
barnaverndarnefnda á fyrstu sex mánuðum
áranna 2020 - 2022

Febrúar 2023

Við lok árs 2021 var Barnaverndarstofa lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, tók við. Mánaðarlega skiluðu barnaverndarnefndir sískráningu tilkynninga, þ.e. tölulegum upplýsingum varðandi tilkynningar, til Barnaverndarstofu og er nú sömu upplýsingum skilað til Barna- og fjölskyldustofu. Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu sex mánuðum árána 2020, 2021 og 2022. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast árlega á vefsíðu Barna- og fjölskyldustofu.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningar til barnaverndarnefnda voru 3,7% færri á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 miðað við sama tímabil ársins á undan en þó fleiri ef miðað er við sama tímabil árið 2020. Fjöldi tilkynninga á tímabilinu janúar til og með júní 2022 voru 6.578. Tilkynningum fækkaði á höfuðborgarsvæðinu öllu, að Reykjavík meðtalinni, en fjölgaði á landsbyggð.

Líkt og fyrri ár voru flestar tilkynningar á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 vegna vanrækslu, eða 42,9% allra tilkynninga. Þetta hlutfall var 42,9% á sama tímabili árið 2021 og 43,4% árið 2020. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 var 28,9% en 27,9% árið 2021, og 29,4% á sama tímabili 2020. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 27,8% á fyrstu sex mánuðum ársins 2022, 28,4% árið 2021 og 26,1% árið 2020. Tilkynningar þar sem heilsu eða lífi ófæddis barns var stefnt í hættu voru óvenju fáar á fyrstu mánuðum ársins 2022 eða 25 samanborið við 55 og 73 árið á undan. Almennt eru tilkynninga vegna ófæddra barna í kringum 1% allra tilkynninga en var 0,4% á fyrstu sex mánuðum 2022.

Tilkynningum vegna vanrækslu varðandi nám voru örlítið fleiri á fyrstu 6 mánuðum ársins 2021 en slíkar tilkynningar voru 194 á tímabilinu janúar til og með júní samanborið við 186 og 159 á sama tímabili árin áður. Þess fyrir utan voru tilkynningar vegna vanrækslu heldur færri í öllum flokkum, miðað við árið á undan.

Fjöldi tilkynninga á fyrsta hálfu árinu 2022 vegna ofbeldis er í takt við það sem sást á sama tímabili árið áður: fjöldi tilkynninga vegna ofbeldis voru 1.903 á tímabilinu árið 2022 en 1.907 árið 2021.

Tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis heldur áfram að fjölga, eða um 12,5% ef miðað er við fyrsta hálfu ár 2021 en 31,6% ef miðað er við árið 2020.

Frá áramótum hefur sískráning barnaverndarnefnda verið unnin samkvæmt uppfærðu Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í Barnavernd. Hér er um að ræða fjórar megin breytingar: 1) breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila, 2) undirflokkum var bætt við í flokkana *líkamlegt ofbeldi* sem og *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá ef barnið verður fyrir ofbeldi af hendi náins aðila, 3) undirflokki var bætt við flokkinn *kynferðisofbeldi* þar sem skal skrá hvort tiltekin tilkynning varðar *stafrænt kynferðisofbeldi*, 4) tveimur flokkum tilkynnenda bætt við, sem áður höfðu fallið undir flokkinn *aðrir*. Hér er um að ræða *annað nærumhverfi barns* annars vegar og *íþróttir og tómtundastarf* hins vegar. Undir *annað nærumhverfi barns* falla tilkynningar sem berast frá nærumhverfi barns en átti ekki heima undir *foreldrar, ættingjar* eða *nágrannar*. Í þennan flokk færu til dæmis tilkynningar frá bæjarbúum, stjúppforeldrum, fyrrum stjúppforeldrum og foreldrum vina eða bekkjarfélaga.

Þessi skráning gefur betri mynd af eðli tilkynninga sem berast barnaverndarnefndum. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 má til dæmis sjá að 46,1% tilkynninga vegna tilfinningalegs ofbeldis vörðuðu ofbeldi af hálfu náins aðila. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 má sjá að 28,5% tilkynninga sem bárust nefndum vegna líkamlegs ofbeldis voru af hendi náins aðila. Þá voru um 28,7% allra tilkynninga um kynferðisofbeldi af hendi náins aðila og 12,5% tilkynninga um kynferðisofbeldi voru vegna stafræns kynferðisofbeldis.

Þá má sjá að stór hluti tilkynninga er að berast úr nánasta umhverfi barns. Samanlagður fjöldi tilkynninga frá barninu sjálfu, ættingjum barns, nágrönnum og öðru nærumhverfi eru 1.004 eða 15,3% allra tilkynninga.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 var 5.206 börn en árin á undan voru þau 5.478 og 5.105. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.683	41,8	2.621	38,4	2.471	37,6
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.666	25,9	1.897	27,8	1.737	26,4
Landsbyggð	2.074	32,3	2.312	33,8	2.370	36,0
Samtals	6.423	100	6.830	100	6.578	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.


Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	3.605	56,1	3.590	52,6	3.569	54,2
Stúlkur	2.753	42,9	3.183	46,6	2.980	45,3
Stálp ¹	0	0	2	<0,1	4	0,1
Ekki vitað ²	65	1,0	55	0,8	25	0,4
Samtals	6.423	100	6.830	100	6.578	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausu skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi tilkynninga



¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Landsvæði	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.963	38,5	2.050	37,4	1.821	35,0
Nágrenni Reykjavíkur ¹	1.370	26,8	1.516	27,7	1.412	27,1
Landsbyggð	1.772	34,7	1.912	34,9	1.973	37,9
Samtals	5.105	100	5.478	100	5.206	100

¹Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum

Kyn	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	2.872	56,3	2.915	42,7	2.817	54,1
Stúlkur	2.191	42,9	2.527	37,0	2.365	45,4
Stálp ¹	0	0	2	<0,1	4	0,1
Ekki vitað ²	42	0,8	34	0,5	20	0,4
Samtals	5.105	100	5.478	100	5.206	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019

²Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ákveðið var að hefja könnun²	3.533	69,2¹	3.849	70,3¹	3.259	62,6¹
<i>Drengir</i>	1.900	53,8	1.955	50,9	1.699	52,1
<i>Stúlkur</i>	1.601	45,3	1.869	48,6	1.547	47,5
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	32	0,9	25	0,7	13	0,4
Þar af nýjar kannanir	1.556	30,5¹	1.677	30,6¹	1.621	31,1¹
<i>Drengir</i>	808	51,9	834	49,7	821	50,6
<i>Stúlkur</i>	733	47,1	825	49,2	793	48,9
<i>Stálp eða ekki vitað³</i>	15	1,0	18	1,1	7	0,4

¹Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

²Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)

³Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíhyggju eða ófætt barn.

Ástæður tilkynninga¹

Barnaverndarnefndir flokka hverja tilkynningu eftir eðli eða meginástæðu tilkynningar, vanrækslu, ofbeldi, áhættuhegðunar barns eða þar sem tilkynnandi telur að heilsa eða líf ófædds barns sé í hættu. Aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu.

	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	2.787	43,4	2.927	42,9	2.821	42,9
Ofbeldi	1.888	29,4	1.907	27,9	1.903	28,9
Áhættuhegðun barna	1.675	26,1	1.939	28,4	1.825	27,8
Vegna ófædds barns	73	1,1	55	0,8	25	0,4
Alls	6.423	100	6.830¹	100	6.578¹	100

¹Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru rakin, bárust 2 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju árið 2021 og 4 árið 2022. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunni hér að ofan en eru inn í heildarfjölda tilkynninga.

Ástæður tilkynninga, undirflokkar

Líkt og áður segir má aðeins merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíhyggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Auk þeirra tilkynninga sem hér eru raktar, bárust 4 tilkynningar þar sem viðkomandi barn féll utan kynjatvíhyggju. Vegna persónuverndarsjónarmiða koma ástæður þeirra tilkynninga ekki fram í töflunum hér að neðan.

Vanræksla, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	2.787		2.927		2.821	
<i>Drengir</i>	1.450	52,0	1.508	51,5	1.523	54,0
<i>Stúlkur</i>	1.337	48,0	1.419	48,5	1.298	46,0
Líkamleg vanræksla	118		114		109	
<i>Drengir</i>	62	52,5	54	47,4	70	64,2
<i>Stúlkur</i>	56	47,5	60	52,6	39	35,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	2.410		2.522		2.416	
<i>Drengir</i>	1.242	51,5	1.328	52,7	1.290	53,4
<i>Stúlkur</i>	1.168	48,5	1.194	47,3	1.126	46,6
Þar af foreldrar í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu	1.044		1.009		902	
<i>Drengir</i>	536	51,3	534	52,9	488	54,1
<i>Stúlkur</i>	508	48,7	475	47,1	414	45,9
Vanræksla varðandi nám	159		186		194	
<i>Drengir</i>	101	63,5	80	43,0	93	47,9
<i>Stúlkur</i>	58	36,5	106	57,0	101	52,1
Tilfinningaleg vanræksla	176		233		187	
<i>Drengir</i>	93	52,8	114	48,9	106	56,7
<i>Stúlkur</i>	83	47,2	119	51,1	81	43,3


Ofbeldi, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Ofbeldi	1.888		1.907		1.903	
<i>Drengir</i>	971	51,4	906	47,5	869	45,7
<i>Stúlkur</i>	917	48,6	1001	52,5	1034	54,3
Tilfinningalegt ofbeldi	1.268		1.096		1.024	
<i>Drengir</i>	672	53,0	562	51,3	487	47,6
<i>Stúlkur</i>	596	47,0	534	48,7	537	52,4
þar af hálfu náins aðila ¹	570		555		472	
<i>Drengir</i>	319	56,0	300	54,1	232	49,2
<i>Stúlkur</i>	251	44,0	255	45,9	240	50,8
Líkamlegt ofbeldi	418		489		550	
<i>Drengir</i>	243	58,1	271	55,4	321	58,4
<i>Stúlkur</i>	175	41,9	218	44,6	229	41,6
þar af hendi náins aðila ²	-		-		157	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	88	56,1
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	69	43,9
Kynferðisofbeldi	236		390		345	
<i>Drengir</i>	65	27,5	114	29,2	86	24,9
<i>Stúlkur</i>	171	72,5	276	70,8	259	75,1
þar af hendi náins aðila ²	-		-		99	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	18	18,2
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	81	81,8
þar af stafrænt kynferðisofbeldi ²	-		-		43	
<i>Drengir</i>	-	-	-	-	11	25,6
<i>Stúlkur</i>	-	-	-	-	32	74,4

¹Hér hefur orðið breyting á orðnotkun. Í eldri skýrslum var vísað til heimilisofbeldis þegar börn urðu vitni af ofbeldi af hálfu náins aðila. Nú hefur verið vikið frá þeirri orðanotkun og vísað til tilfinningalegs ofbeldis af hálfu náins aðila

²Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.

Áhættuhegðun barna, undirflokkar	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Áhættuhegðun barna	1.675		1.939		1.825	
<i>Drengir</i>	1.180	70,4	1.172	60,4	1.177	64,5
<i>Stúlkur</i>	495	29,6	767	39,6	648	35,5
Neysla barns á vímuefnum	291		301		306	
<i>Drengir</i>	184	63,2	180	59,8	180	58,8
<i>Stúlkur</i>	107	36,8	121	40,2	126	41,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	642		685		574	
<i>Drengir</i>	397	61,8	301	43,9	286	49,8
<i>Stúlkur</i>	245	38,2	384	56,1	288	50,2
Afbrot barns	311		396		337	
<i>Drengir</i>	250	80,4	274	69,2	256	76,0
<i>Stúlkur</i>	61	19,6	122	30,8	81	24,0
Barn beitir ofbeldi	345		415		444	
<i>Drengir</i>	293	84,9	343	82,7	379	85,4
<i>Stúlkur</i>	52	15,1	72	17,3	65	14,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	148		190		201	
<i>Drengir</i>	93	62,8	92	48,4	102	50,7
<i>Stúlkur</i>	55	37,2	98	51,6	99	49,3

Ástæður tilkynninga



Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

Fram til ársins 2021 var tilkynnandi beðinn um að meta hvort hann teldi barn í yfirvofandi hættu. Frá og með 1. janúar 2021 er það hlutverk barnaverndarstarfsmanna að meta hvort þeir telji barn í yfirvofandi hættu

	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	430		374		381	
<i>Drengir</i>	231	53,7	169	45,2	215	56,4
<i>Stúlkur</i>	190	44,2	187	50,0	164	43,0
<i>Stálp eða ekki vitað¹</i>	9	2,1	18	4,8	2	0,5

¹ Frá 1. janúar 2020 hefur verið boðið upp á hlutlausa skráningu á kyni, þ.e. utan kynjatvíviggju, skv lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019. Hér getur því verið um að ræða barn sem fellur utan kynjatvíviggju eða ófætt barn.

Tilkynnendur

	Fyrstu sex mánuðir 2020		Fyrstu sex mánuðir 2021		Fyrstu sex mánuðir 2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	30	0,5	34	0,5	29	0,4
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	312	4,9	342	5,0	290	4,4
Nágrannar	565	8,8	410	6,0	359	5,5
Annað nærumhverfi barns ¹	-	-	-	-	326	5,0
Önnur barnaverndarnefnd	116	1,8	72	1,1	91	1,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	153	2,4	187	2,7	200	3,0
Lögregla	2.537	39,5	2.512	36,8	2.354	35,8
Skólaþjónusta	836	13,0	1.118	16,4	1.053	16,0
Leikskóli/gæsluforeldri	138	2,1	132	1,9	114	1,7
Íþróttá- eða tómstundastarf ¹	-	-	-	-	33	0,5
Heilbrigðisþjónusta	624	9,7	758	11,1	761	11,6
Foreldrar barns	459	7,1	512	7,5	492	7,5
Aðrir	653	10,2	753	11,0	476	7,2
Samtals	6.423	100	6.830	100	6.578	100

¹Hér er um að ræða nýja skráningu og því ekki til fyrir fyrri ár.